

Kennsluáætlun haust/vor 2020 - 2021

Heimilisfræði 6. bekkur

Í heimilisfræði eru 2 kennslustundir á viku, 4 vikur í senn á 12 vikna fresti.

Vinnulag

Hér skal gerð stutt samantekt á því sem tekið verður fyrir í faginu í veturna.

Kennslan er bæði verkleg og bókleg. Tímarnir fara fram í heimilisfræðistofu. Í upphafi tíma eru innlagnir og spjall um viðfangsefni. Farið er yfir uppskriftir og verklega þætti sem nemendur vinna sjálfir eða með aðstoð kennara. Nemendum er skipt í hópa, læra að vinna með öllum í hópnum. Hver hópur fær skilgreint verkefni. Nemendur sjá bæði um bakstur og einfalda matreiðslu og þrif á eftir. Nemendur vinna með fjölbreytt áhöld, allt frá einföldum mælitækjum upp í flóknari raftæki eins og blandara og hrærivél. Lögð er áhersla á flokkun þar sem nemendur fá bæði fræðslu og þurfa að flokka sjálf það rusl sem henda þarf.

Engir sérstakir tímar eru ætlaðir í vinnubækur, en unnið í þeim í lok kennslustundar þegar tími er til.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Tímabilið: 26.ágúst 16. sept.	Gott og gagnlegt 3 Einnig er stuðst við uppskriftabækur, uppskriftir af netinu og ljósrit frá kennara.	<p>Nemandi getur ...</p> <p>Matreitt einfaldar og hollar máltíðir</p> <p>Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfraeði og meðferð matvæla.</p> <p>Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsahöld.</p> <p>Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.</p> <p>Skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar</p> <p>Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.</p> <p>Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.</p> <p>Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald</p> <p>Farið eftir fyrirmælum kennara</p> <p>Sýnt öðrum kurteisi og tillitssemi og átt góð samskipti</p> <p>Sýnt frumkvæði og áhuga</p> <p>Gengið vel og snyrtilega um</p>	Pastaréttur Kanilsnúðar Vínarbrauð Eggjabrauð Skúffukaka Brauðpylsur Muffins Hjónabandssæla Jólabakstur Fléttubrauð Eplakaka Kjötbollur Vöfflur Hafraklattar Súpa
Tímabilið: 25. nóv. – 16. des			

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvívar í veturnar, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi Dagný Elísdóttir